

Ed. **678. Tillaga til þingsályktunar** [302. mál]
um leiðréttingu söluskatts af leiksýningum áhugafélaga.

Flm.: Helgi F. Seljan, Bragi Níelsson, Alexander Stefánsson,
Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir lagfæringum á sölu-
skattsinnheimtu af tekjum áhugaleikfélaga af starfsemi sinni.

Niðurfelling eða lækkun söluskatts af þessum ástæðum skal einungis bundin
tekjum að leiksýningunum sjálfum, en nái ekki til annarrar samhliða starfsemi
áhugafélaganna, og skulu um það sett ströng skilyrði í reglugerð.

Greinargerð.

Um fjölmörg undanfarin ár hafa áhugaleikfélögin barist fyrir því að fá leið-
réttingu á söluskattsmálum sínum. Erindi þeirra hefur jafnan verið vel tekið, málið
farið í nánari athugun, en síðan hefur ekkert gerst. Hér er um þunga byrði að ræða,
og mjög algengt er að félögin skili hærri upphæð til ríkissjóðs en nemur styrk ríkisins
til starfsemi þeirra.

Hér þarf að fást á einhver leiðrétting til að létta áhugaleikfélögunum þungan
róður við að halda uppi menningarstarfsemi sinni, sem viðurkennt er af langflestum
að eigi sér fyllsta rétt og sé snar þáttur í menningarlífi okkar, alveg sérstaklega
úti á landsbyggðinni.

Menn hafa talið ýmis tormeðki á því, að unnt væri að greina á milli leiksýning-
anna sjálfra og annarrar fjáröflunar, svo sem dansleikja. Flm. eru sammála því, að
hér þurfi að draga skýr mörk, svo einungis verði um niðurfellingu eða lækkun að
ræða af tekjum félaganna af leiksýningunum einum.

Það hlýtur hins vegar að teljast óviðunandi með öllu, að sjálfboðaliðsstarf af
þessu tagi sé skattlagt svo af hinu opinbera að styrkur ríkisins til þessarar starf-
semi nægi jafnvel ekki til þess að koma þar á móti.

Flm. treysta því, að unnt sé að finna millileið í þessu máli þar sem komið sé til
móts við áhugafélögin, og því er þessi tillaga flutt.